



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSKÆKNI UMHYGGJA

Tillaga til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Tillaga vegna niðurstöðu viðræðna við FaMos um Heilsu og hug

Dags: 31. október 2022

Málsnúmer: 202207290/11.5

Málsmeðferð: Til samþykktar

Starfsmaður: Sigurbjörg Fjölvisdóttir, Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að gengið verði til samninga við FaMos um að félagið taki að sér námskeiðið Heilsa og hugur með þeim skilyrðum sem félagið hefur sett fram gagnvart Mosfellsbæ.

Greinargerð:

Á 1546. fundi bæjarráðs þann 25. ágúst 2022 var lagt fyrir minnisblað undirritaðrar um mat á tilraunaverkefninu Heilsa og hugur. Bæjarráð samþykkti að fela undirritaðri að hefja viðræður við Félag aldraðra í Mosfellsbæ (FaMos) um að halda námskeiðið frá og með árinu 2023.

Viðræður við FaMos hafa átt sér stað og sendi félagið frá sér eftirfarandi bókun frá 6. fundi stjórnar FaMos:

Í framhaldi af fundi fulltrúa FaMos með Sigurbjörgu Fjölvisdóttur framkvæmdastjóra Fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar og Elvu Björg Pálsdóttur forstöðumanns Félagsstarfs aldraðra í Mosfellsbæ, um að FaMos taki að sér, frá næst komandi áramótum, umsjón með verkefninu Heilsa og Hugur, gerir stjórn FaMos eftirfarandi samþykkt:

“Stjórn og íþróttanefnd FaMos samþykkir að taka að sér umsjón með verkefninu Heilsa og Hugur sem Mosfellsbær hefur haldið úti um nokkurt skeið. Samþykkt þessi er þó bundin eftirfarandi skilyrðum:

Gerður verði samningur á milli FaMos og Mosfellsbæjar um námskeiðin.

Í samningnum komi fram að námskeiðin hafi aðgang að þeirri aðstöðu sem það hefur haft hjá Mosfellsbæ og verði sú aðstaða tilgreind í samningnum ásamt afnotatíma

Mosfellsbær leggi til fjármuni til niðurgreiðslu á þáttökugjöldum.

Námskeiðin fái afnot af þeim tækjum og tólum sem notuð hafa verið í starfinu.

Að hægt verði að leita til Forstöðumanns Félagsstarfs aldraðra í Mosfellsbæ um aðstoð ef brýna nauðsyn ber til.”

Námskeiðið hefur verið haldið í Varmá og óskar FaMos eftir því að halda þeirri aðstöðu áfram endurgjaldslaust sem og að fá að nýta þau tæki og tól sem Mosfellsbær hefur keypt til að nota á námskeiðinu og eru geymd í Varmá.

Áætlaður kostnaður til niðurgreiðslu á námskeiði á vorönn 2023 er 300.000 kr. Verð fyrir hvert 12 vikna námskeið hefur hingað til verið 12.000 kr. á þátttakendur, en raunkostnaður verður um 18.000 kr. á mann. Geta þátttakendur nýtt sér frístundaávísun á móti þeim kostnaði. Með niðurgreiðslu á námskeiði á vorönn 2023 myndi kostnaður hvers þátttakanda verða 15.000 kr. en 18.000 kr. án niðurgreiðslu.



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Að lokum skal nefna að forstöðumaður félagsstarfsins hefur boðið fram aðstoð til FaMos um það sem á þyrfti að halda.

Virðingarfyllst,
Sigurbjörg Fjölvisdóttir